

Alþingi
Erindi nr. P 139/1238
komudagur 2.2.2011

SKÝRSLA

TIL DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐHERRA

UM

**UPPBYGGINGU SKÓLA Á VEGUM
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTISINS
UM LÖGGÆSLU OG ÖRYGGISMÁL**

Nefndarálit desember 2008

Efnisyfirlit

I kafli	bls.
Skipun nefndarinnar	5
Áfangaskýrsla	5
Endurskipun nefndarinnar	5
Hlutverk nefndarinnar	6
Fundir nefndarinnar	6
Undirbúningsfundir	7
II kafli	
Tillögur nefndarinnar	8
III kafli	
Fylgiskjöl og álitserðir	
Lögregluskóli ríkisins	12
Fangavarðafélag Íslands	14
Fulltrúi Keilis	14
Landsamband lögreglumana	16
Landhelgisgæsla Íslands	17

I KAFLI

1

Skipun nefndarinnar

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 20. ágúst 2007, skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að gera tillögur um uppbyggingu alhliða löggæslu- og öryggismálaskóla.

Nefndin var skipuð eftirtöldum:

Formaður nefndarinnar	Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga
fulltrúi dómsmálaráðuneytis	Halla Bergþóra Björnsdóttir lögfræðingur
fulltrúi Keilis	Hjálmar Árnason, forstöðumaður hjá Keili
fulltrúi LL	Sveinn Ingiberg Magnússon, form. LL
fulltrúi tollvarða	Guðbjörn Guðbjörnsson, form. Tollvarðafélagsins
ritari	Gunnlaugur V. Snævarr, yfirlögregluþjónn hjá LSR

Síðar bættust í nefndina:

fulltrúi fangavarða	Sigurjón Birgisson fangavörður en í stað hans kom fljótlega Einar Andrésson, formaður fangavarðafélagsins.
fulltrúi Landhelgisgæslu	Síðar tók Svanhildur Sverrisdóttir, starfsmannastjóri Landhelgisgæslunnar sæti í nefndinni.

2

Áfangaskýrsla

Fimm nefndarfundir voru haldnir áður en áfangaskýrslu nefndarinnar var skilað til ráðherra 15. janúar 2008 auk þess sem formaður ræddi við hagsmunaaðila.

3

Endurskipun nefndarinnar

Þann 23. maí 2008 var nefndinni sett nýtt erindisbréf. Sú breyting var orðin á skipun hennar að Sveinn Ingiberg Magnússon, formaður LL, hafði látið af störfum sem formaður og Snorri Magnússon hafði tekið við. Var hann því skipaður í nefndina. Í öðru lagi var Gunnlaugur V. Snævarr, fulltrúi Lögregluskóla ríkisins, skipaður í nefndina en hann hafði áður gegnt starfi ritara sem hann gerir áfram.

Þá var það orðið ljóst að ekki var áhugi hjá Tollskóla ríkisins að taka þátt í uppbyggingu alhliða löggæsluskóla og því ekki grundvöllur fyrir þátttöku Guðbjörns Guðbjörnssonar, formanns Tollvarðafélagsins í nefndinni. Að öðru leyti sitja sömu fulltrúar í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk nefndarinnar er skilgreint í skipunarbréfi:

Í fyrsta lagi að móta tillögur um uppbyggingu skóla á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um löggæslu og öryggismál fyrir starfsmenn lögreglunnar, Landhelgisgæslu Íslands og fangaverði. Skólinn geti einnig haldið námskeið fyrir aðrar stéttir, sem sinna afmörkuðum þáttum, er tengjast löggæslu, öryggisþjónustu og öryggismálum.

Í öðru lagi að endurskoða og samræma, eftir því sem kostur er, námskrár vegna lögreglumenntunar, menntunar fangavarda og námskrá vegna menntunar starfsmanna landhelgisgæslunnar, en hún er í smíðum.

Í þriðja lagi að gera tillögur um heildstætt fyrirkomulag launagreiðslna til þeirra nemenda skólans, sem menntast til starfa í lögreglu, hjá Landhelgisgæslu Íslands og til fangavörslu innan ramma hins nýja skóla.

Í fjórða lagi að leggja mat á kosti og galla þess, að skólinn verði áfram allur eða að hluta á núverandi stað við Krókháls í Reykjavík, eða, að hann flytjist allur eða að hluta á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurlugvöll.

Fundur nefndarinnar

Nefndin hefur haldið tvo fundi frá skilum áfangaskýrslu, nánar tiltekið 10. júní 2008 og 10. desember 2008.

Á fundi þann 10. júní kynnti formaður hugmynd að skipuriti sem Lögregluskóli ríkisins lagði fram í umbeðnum tillögum um deildaskiptan skóla. Nefndarmenn samþykktu að vinna eftir þessu skipuriti. Skipuritið er þannig úr garði gert að ef Tollskóli ríkisins hefði áhuga á að koma síðar inn í samstarfið er auðvelt að koma því fyrir.

Þá var samþykkt að Gunnlaugur leiddi námskrárvinnu með Einari og Svanhildi og hittust þau 23. júní sl.

Einnig var samþykkt að Snorri, Einar og Svanhildur öfluðu upplýsinga um launakjör fyrrgreindra stétta nemenda og legðu fyrir næsta fund. Fundarmenn töldu þetta fyrst og fremst kjarasamningsatriði en nefndin gæti hugsanlega komið með einhverjar tillögur.

Samþykkt var að fulltrúar lögregluskólans, Landssambands lögreglumanna, Landhelgisgæslunnar, Fangavaraðafélags Íslands, og Hjálmar Árnason skiluðu inn skoðunum sínum á staðsetningu skólans fyrir næsta fund eftir að hafa rætt við sitt bakland. Hjálmar hafði þegar skilað sinni greinargerð og má finna hana með áfangaskýrslu nefndarinnar en aðrir

myndu skila inn skoðun sinni fyrir næsta fund sem áætlaður var í ágústbyrjun. Ákveðið var að nýir nefndarmenn myndu kynna sér aðstöðu á Keflavíkurflugvelli sem þeir og gerðu.

6

Undirbúningsvinna milli funda nefndarinnar

Nefndarmennimir Gunnlaugur, Einar og Svanhildur hittust 23. júní sl. eins og ráðgert var. Á fundinn mættu einnig Árni Sigmundsson, deildarstjóri grunnnámsdeildar hjá LSR og Guðmundur Gíslason, skólastjóri Fangavarðaskólans, en þeir sjá um skipulagningu grunnnáms beggja aðila í dag. Á þeim fundi kom í ljós að vinna við námskrágerð krefðist mun lengri tíma en í fyrstu var talið, enda var Landhelgisgæslan stutt á veg komin með þáð starf.

Þann 22. ágúst sl. hitti formaður fyrrnefnda nefndarmenn til að gera sér grein fyrir stöðu námskrárstarfsins. Á þeim fundi var ákveðið að fá utanaðkomandi sérfræðing til þess að skoða námskrágerðina þegar lengra væri komið og var samþykkt að Gunnlaugur ræddi við Hróbjart Árnason, lektor við Háskóla Íslands.

Þann 12. september sl. hittu Ólafur Kristófer formaður og Gunnlaugur ritari Hróbjart og var hann tilbúinn til að aðstoða við verkið. Áður höfðu Ólafur og Gunnlaugur fundað með Höllu Bergþóru, þar sem ákveðið var að Lögregluskóli ríkisins aflaði upplýsinga fyrir nefndina um fyrirkomulag launagreiðslna til lögreglunema í öðrum löndum.

Í tölvupósti formanns, 15. september 2008, bað hann nefndarmenn að skila upplýsingum um launakjör og mati þeirra á staðarvali sem fyrst, sbr. fundargerð frá 10. júní. Þar kom fram að formaður hyggðist leggja fram skýrsludrög í október nk.

Á fundinum 10. desember var ákveðið að Gunnlaugur gerði tillögu að skýrslu og sendi nefndarmönnum til umsagnar sem fyrst og síðan yrði undirritun 18. desember kl. 8 í dómsmálaráðuneytinu. Fram kom á fundinum að vegna óvissu um skólastarf á næstu misserum yrði ekki haldið áfram með vinnu við námskrágerð að svo komnu máli. Útlit er fyrir að ekki verði kennsla í Fangavarðaskólanum a.m.k. árið 2009, ein önn verði kennd í lögregluskólanum árið 2009 og óljóst með framhaldið. Þá ber þess að geta að námskrá Landhelgisgæslunnar er á góðu skriði, en er ekki tilbúin. Nefndin taldi æskilegt að stefnt væri að því að nemendur þessara skóla yrðu launalausir. Þá var rætt um möguleika á styrkveitingu til nemenda hins nýja skóla, sem gæti breyst í lán, ef þeir hefja ekki starf að loknu námi, eins og skýrt er nánar í greinargerð.

Upplýsingar um framangreint eru fylgiskjöl með skýrslu þessari.

II KAFLI

TILLÖGUR NEFNDARINNAR Í FJÓRUM LIÐUM, SAMKVÆMT ERINDISBRÉFI

I Varðandi uppbyggingu skóla


Nefndin leggur til að Lögregluskóli ríkisins beri það heiti áfram; starfsemi skólans verði eflað eins og kostur er fyrir lögregluna og jafnframt að skipurit skólans verði breytt með það að markmiði, að þar sé gert ráð fyrir menntun fangavarda, menntun og þjálfun í lögreglufræðum fyrir þá starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, sem starfa sinna vegna kunna að þurfa að beita lögregluvaldi. Nám þeirra er hér kallað gæslunám til aðgreiningar frá lögreglunámi og fangavardanámi. Skipuritið er þannig úr garði gert að ef Tollskóli ríkisins hefði áhuga á að koma síðar inn í samstarfið er auðvelt að koma því fyrir.

Markmiðið er að efla starfsemi skólans og að gæði menntunar allra hlutaðeigandi aðila verði aukin. Á fundi nefndarinnar þann 10. ágúst sl. var tillaga Lögregluskóla ríkisins að nýju skipuriti samþykkt.



Lögregluskóli ríkisins

Hugmynd að skipuriti



Nefndin tekur undir sjónarmið dóms- og kirkjumálaráðherra og leggur til að Lögregluskóli ríkisins verði áfram sjálfstætt lögregluembætti sem heyrir undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Jafnframt verði skólinn áfram í sömu tengslum við embætti ríkislögreglustjóra og önnur lögreglustjóraembætti í landinu sem og aðra aðila er koma að öryggismálum.

Nefndin leggur til að skólinn geti einnig, í samstarfi við hlutaðeigandi aðila, haldið námskeið fyrir aðrar stéttir, sem sinna afmörkuðum þáttum, er tengjast löggæslu, öryggisþjónustu og öryggismálum, enda er gert ráð fyrir því í framangreindu skipuriti.

II Varðandi námskrár

Námskrár vegna lögreglunáms og fangavarðanáms liggja fyrir og von er á að Landhelgisgæslan ljúki við námskrárgerð vegna gæslunáms innan tíðar. Vegna óvissu um framkvæmd skólahalds á næstu misserum, eru ekki lagðar fram mótaðar hugmyndir að sameiginlegri námskrá, enda ljóst að vegna breyttra aðstæðna er það ekki raunhæft. Námskrárvinnan getur, að skaðlausu, beðið án þess að tefja undirbúning við breytingu Lögregluskóla ríkisins í sameiginlegan skóla þessara stétta, ákvarða skipan hans og breyta lögum og reglugerðum eftir því sem þarf.

III Varðandi launakjör

Nefndin telur að vinna beri að því að nám þessara nemenda verði launalaust í framtíðinni enda verði námið láns hæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna líkt og gildir um nám lögreglunema. Nefndin bendir á að launakjör lögreglumanna, fangavarða og gæslumanna séu samkvæmt kjarasamningum, sé það því á forræði samningsaðila að breyta þeim kjörum. Þá telur nefndin að athuga megi hvort styrkja eigi nemendur skólans á meðan á námi stendur. Sá styrkur getir síðan hugsanlega breyst í lán, ef nemandinn mætir ekki til starfans, sem hann hefur verið menntaður til. Kanna þarf lagalegar forsendur þess.

Upplýsingar um launakjör lögreglunema á Norðurlöndum og í nokkrum Evrópuríkjum fylgir með í greinargerð.

IV Varðandi staðsetningu skólans

Meirihluti nefndarinnar telur að Lögregluskóli ríkisins sé betur settur á núverandi stað. Einn nefndarmanna telur að það sé til hagsbóta að flytja skólann á fyrrum varnarsvæði. Nefndin telur að skólinn eigi að nýta sér þá aðstöðu sem þar er, fyrir verklegar æfingar eftir þörfum.

Í greinargerðum einstakra nefndarmanna sem fylgja skýrslunni koma fram sjónarmið um aðra staðsetningu skólans en fram kemur í erindisbréfi nefndarinnar.

GREINARGERÐIR MEÐ TILLÖGUM

I Greinargerð með skipuriti

Hugmynd að skipuriti skólans sem lögð var fram af yfirstjórn Lögregluskóla ríkisins í áfangavinnu nefndarinnar er í fullu gildi, með áherslu á að skólinn beri áfram nafnið Lögregluskóli ríkisins. Skýrt þarf að koma fram í skipuriti að nám fyrir fangaverði og gæslumenn verði merkt. Ákveða þarf síðar hvort það verði kallað deild eða svið í skipuritinu.

Lögð er á það áhersla, að þegar fangavarðanám og/eða gæslunám er í gangi í skólanum. Þá séu fagaðilar af þeirra hálfu sem hafi umsjón eða undirbúi kennslu þessara aðila undir stjórn yfirstjórnar Lögregluskóla ríkisins.

Nefndin telur að þegar fram í sækir, og fangavarðanám og gæslunám hefur þróast, muni smám saman verða meiri samlegðaráhrif varðandi allt grunnnámið, sem fram fer á vegum Lögregluskóla ríkisins. Þessi þróun mun taka einhvern tíma en að lokum mun það koma öllum stofnunum til góða en gera verður ráð fyrir að þessi þróun muni taka nokkur misseri.

II Greinargerð varðandi námskrár

Hér eru lagðar fram grunnhugmyndir um hugsanlega sameiginlega kennsluþætti en ekki er enn unnt að leggja fram nákvæma námskrá að sinni.

Þegar námskrár fangavarða og lögreglumanna eru bornar saman má sjá að sitthvað getur verið þar sameiginlegt. Einnig er vitað að nokkrir þættir geta nýst með Landhelgisgæslunni þar sem sú kennsla hefur farið fram í lögregluskólanum. Hafa ber þó í huga að misjafnar inntökukröfur eru gerðar til þessara hópa sem getur hindrað samkenndu í nokkrum greinum en auðvitað er hægt að samnýta kennara. Aðrar greinar eru hins vegar sérfaglegar og ekki hægt að samnýta þær. Lögð er áhersla á að ekki séu tekin of stór stökk í einu heldur fái þessi samvinna að þróast í rólegheitum.

Það sem kennt er í lögreglunámi og gæti verið kennt sameiginlega með fangavörðum og/eða landhelgisgæslu er m.a.:

Sálfræði
Siðfræði
Valdbeitingarheimildir, réttindi og skyldur
Fyrsta hjálp
Framkoma
Félagsfræði
Sjálfsvörn

Vegna sérstöðu Landhelgisgæslunnar getur verið ráðlegt að afgreiða einstaka þætti, nánast í námskeiðsformi og e.a. með þátttöku annarra eða ekki. Þá er hugsanlegt að sumt sé hægt að kenna sameiginlega tveimur aðilum en ekki þrem.

III Greinargerð og upplýsingar um launagreiðslur til lögreglumena á Norðurlöndum og í nokkrum Evrópulöndum

Hér á landi er fyrsta önn ólaunuð en starfsnám launuð vaktavinna og síðasta önn launuð, skv. kjarasamningum, og meðaltal þess vaktálags sem hópurinn vann sér inn í starfsþjálfuninni. Nefndin telur eðlilegt að þetta nám verði ólaunað í framtíðinni eins og flest annað nám en skoðaðar verði lagalegar forsendur fyrir því að nemum verði greiddur styrkur sem breyttist í lán ef nemandinn hefur ekki starf sem hann hefur menntað sig til.

• Norðurlönd

Launakjör lögreglumenda á Norðurlöndum eru breytileg. Allt frá því að allt sé greitt, t.d. í Danmörku (kr. 20.500 á mánuði) en í Noregi er ekkert greitt allan námstímann. Í Finnlandi eru greiddar 1.600 evrur í starfsnámi hvern mánuð en 200 evrur í skóla. Í Svíþjóð er ekkert greitt meðan nemendur eru í skóla en hins vegar fá þeir greidd laun á síðustu verklegu önninni. Ekki fylgdi hve háar greiðslur væri um að ræða.

• Upplýsingar frá Luxemborg

Lögreglumemar fá sömu greiðslu og nemar í hernum, u.þ.b. 1.700 evrur á mánuði. Þeim ber skylda til að sofa í skólanum og þurfa að vera viðbúnir útkalli með stuttum fyrirvara, t.d. við leit að fólki o.s.frv.

• Upplýsingar frá Belgíu

Inspector cadet : net : 1.345,68 evrur / brut : 1.753,78 evrur
Chief inspector cadet : net : 1.425,90 evrur / brut : 1.933,52 evrur
Officer cadet : net : 1.617,71 evrur / brut : 2.320,52 evrur.

Þessar upphæðir eru tengdar líkamlegu ástandi lögreglumanna sem fá greiðslur fyrir að halda sér í forni. Ekki var skilgreint hvort þetta er grunnnám eða framhaldsnám.

• Upplýsingar frá Írlandi

Laun nemenda	198,48 evrur á viku
skóstyrkur	2,93 evrur á viku
fatastyrkur	4,39 evrur á viku

Launalækkun meðan nemendur eru í skólanum	69,68 evrur á viku
---	--------------------

Fyrsta önn stendur yfir í 6 mánuði í skólanum.
Önnur önn stendur yfir í 6 mánuði í starfsþjálfun.
Þriðja önn stendur yfir í 3 mánuði skólanum.
Fjórdja önn er starfsþjálfun í þrjá mánuði. Reynslutími.
Fimmta önn er starfsþjálfun í þrjá mánuði. Reynslutími.

Viðbótargreiðslur í starfsþjálfun II eru:	131,43 evrur á viku
---	---------------------

Upplýsingar frá Ungverjalandi

Ungverjar eru með þriggja ára nám og veita þeir eftirfarandi styrki:

- | | |
|---|---------------------|
| - grunnstyrkur í skóla | 90 evrur á mán. |
| - námsstyrkur tengdur námsárangri á 2. ári, hámark, starfsþj. | 69.000 evrur á ári. |
| - félagslegur styrkur | 2 – 26 evrur á mán. |

IV Greinargerð varðandi staðsetningu skólans

Nefndin hefur skoðað það sérstaklega hvort leggja beri til að skólinn flytji, að hluta eða allur, á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Fyrir liggur afstaða stjórnar Lögregluskóla ríkisins og tekur meirihluti nefndarinnar undir það að staðsetning skólans í Reykjavík sé góð og að það húsnæði sem byggt hefur verið upp fyrir starfsemina sé gott. Jafnframt að núverandi húsnæði geti vel rúmað fyrir fangaverði og starfsmenn landhelgisgæslunnar. Þá er óvíst með nám hjá lögregluskólanemum og fangavarðanemum fyrir árið 2009.

Einn nefndarmanna telur að skólanum sé best fyrir komið á fyrrum varnarsvæði með tilliti til aðstöðu og tengsla við annað nám þar. Nefndin telur að skólinn eigi að nýta sér þá aðstöðu sem þar er, fyrir verklegar æfingar eftir þörfum. Í greinargerðum einstakra nefndarmanna sem fylgja skýrslunni koma fram sjónarmið um aðra staðsetningu skólans en fram kemur í erindisbréfi nefndarinnar.

III KAFLI

FYLGISKJÖL OG ÁLITSGERÐIR EINSTAKRA NEFNDARMANNA

A
Lögregluskóli ríkisins
október 2008

Svar Lögregluskóla ríkisins

sbr. "leggja ber mat á kosti og galla þess, að skólinn verði áfram allur eða að hluta á núverandi stað við Krókháls í Reykjavík, eða, að hann flytjist allur eða að hluta á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll."

INNGANGUR

Lögregluskóli ríkisins á sér nokkurra áratuga sögu en hefur verið sjálfstæð lögreglustofnun innan dómsmálaráðuneytis síðan 1988. Meginhlutverk Lögregluskóla ríkisins er að mennta og þjálfra nýja lögreglumenn í lögreglufræðum og veita starfandi lögreglumönnum símenntun, sérmenntun og framhaldsmenntun (menntun í stjórnun). Í tengslum við lögreglunám hefur Lögregluskóli ríkisins byggt upp ágætt samstarf við stofnanir lögreglunnar og erlenda lögregluskóla og aðstoðað aðrar stofnanir sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

*

Í minnisblaði dómsmálaráðherra með hugmyndum um breytingar á lögreglulögum, sem hann sendi ákveðnum stofnunum innan lögreglunnar í júlí sl. er þess jafnframt getið að sérstök nefnd vinni að gerð tillagna um skipulag og verkefni skólans auk þess sem fram kemur það sjónarmið hans að rétt þyki að Lögregluskóli ríkisins hafi áfram stjórnskipulega stöðu sem lögreglustjóraembætti.

Afstaða til staðsetningar umfangsmeiri skóla

- Stjórnendur LSR sjá engar framfarir fyrir lögregluna að skóli þeirra verði fluttur úr núverandi húsnæði.
- Nægt húsnæði er til staðar, á núverandi stað, auk þess sem fyrir hendi eru stækkunarmöguleikar á staðnum.
- Vísast að öðru leyti til meðfylgjandi greinargerðar LSR.

Helstu rök með staðsetningu að Krókhálsi eru:

1. Undanfarin ár hafa dómsmálaráðuneytið og Lögregluskóli ríkisins unnið kerfisbundið að því að stækka húsnæðið að Krókhálsi 5a og b með það fyrir augum að skólinn auki starfsemi sína, m.a. með því að aðstoða við menntun fangavarda, tollvarða, starfsmanna landhelgisgæslu og ekki síst að efla lögreglumenntun. Húsnæðið tekur nú yfir 2500 m². Þessum áfanga er náð. Mjög vandað húsnæði fyrir alla þessa aðila er til.
2. Ekki þarf að leggja í neinn umtalsverðan aukakostnað þótt þessir aðilar sameinist um skóla að Krókhálsi.
3. Í Lögregluskóla ríkisins eru reyndir yfirmenn í lögreglu með reynslu af skólastarfi. Þar er að finna þróuð námsgögn, tæki og annað sem til þarf til þess að reka slíkan skóla. Þar eru sjö almennar kennslustofur, tvær tölvustofur, tveir íþróttasalir, tækjasalur, þrjár setustofur, tveir matsalir, sex vinnuherbergi fyrir nemendur, lögreglustöð og bílskúr. Allar stofur eru búnar fullkomnum tækjabúnaði.
4. Lögregluskóli ríkisins er að sjálfsögðu ein af öryggisstofnum ríkisins og eftir því sem skólanum hefur verið tjáð voru það helstu mótrök dómsmálaráðuneytisins þegar umræður ráðuneyta dóms- og menntamála stóðu yfir hugsanlega færslu skólans undir menntamálaráðuneytið.
5. Skólinn, sem er sjálfstæð stofnun, og heyrir undir dómsmálaráðuneytið, nýtur samstarfs við erlenda skóla og stofnanir, s.s. við Europol, Interpol, stofnanir Evrópusambandsins CEPOL og Frontex auk mjög öflugs norræns samstarfs.
6. Skólinn hefur náíð samstarf við lögreglu höfuðborgarsvæðisins og Ríkislögreglustjóra og þaðan koma langflestir stundakennarar, bæði í grunn- og framhaldsnámi.
7. Eina sérútbúna aðstaðan á landinu fyrir sakbendingu er í Lögregluskólanum og er að sjálfsögðu mest nýtt af lögreglu höfuðborgarsvæðisins.
8. Skólinn aðstoðaðar lögreglu höfuðborgarsvæðisins og Ríkislögreglustjóran á margvíslegan hátt. Þar má nefna lán á húsnæði fyrir kennslu, þjálfun, fundi, aðstoð við sakbendingar, geymslu bifreiða, sem eru til rannsóknar, og rannsóknir stórra mála. Þá gegnir skólinn verulegu hlutverki sem stoð við löggæsluna á höfuðborgarsvæðinu og hefur starfsmönnum og nemendum skólans verið bætt inn í aðgerðaáætlun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu ef til umfangsmikilla lögregluaðgerða kemur.
9. Fangavaraðskólinn hefur verið staðsettur í húsnæði Lögregluskóli ríkisins undanfarin sjö ár og samvinna við Landhelgisgæsluna lengi.
10. Við Lögregluskóla ríkisins er rekin öflug framhaldsdeild sem væntanlega stendur þessum umræddu aðilum opin þegar ákvörðun hefur verið tekin.
11. Náðst hefur mjög góð samvinna milli Endurmenntunar HÍ og Lögregluskóla ríkisins sem byggð er á samstarfssamningi frá árinu 2003. Nú hafa 120 lögreglumenn lokið stjórnunarnámi með allt að 25 háskólaeiningum eða 17% stéttarinnar. Á síðustu vikum hafa verið undirritaðir tveir samstarfssamningar við lögfræði- og íþróttasvið Háskólans í Reykjavík.
12. Langtímaáætlun Lögregluskóla ríkisins til 2011 hefur verið samþykkt af dómsmálaráðuneytinu og Ríkislögreglustjóra. Samkvæmt henni hafa verið valdir nemendur sem ljúka námi árið 2010. Allt miðar þetta við núverandi aðstöðu að Krókhálsi 5a og b í Reykjavík.

B
Fangavarðafélag Íslands
október 2008

Svar Einars Andréssonar, formanns fangavarðafélags Íslands

Það er alveg endanleg og óhagganleg niðurstaða mín og FVFI að innlimun Fangavarðaskólans í Keili og eða flutningur hans til Keflavíkur kemur alls ekki til greina núna eða í fyrirsjáanlegri framtíð. Fyrir okkur er sú aðstaða sem Lögregluskóli ríkisins hefur mjög svo fullnægjandi bæði hvað aðstöðu varðar og ekki síst varðandi staðsetningu. Þannig að mín afstaða er afdráttarlaus og skýr.

C
Keilir
í áfangaskýrslu janúar 2008

Svar Hjálmars Árnasonar forstöðumanns Keilis

Keilir styður heilshugar sameiningu náms til löggæslu, tollgæslu, fangavörslu, landhelgisgæslu og jafnvel fleiri sviða undir eina yfirstjórn. Meginkosturinn er sá að þannig ávinnist marga:

Samlegðaráhrif af sameiginlegum námsþáttum.

Sterkari eining en núverandi skólar og skapar forsendur fyrir öflugri, faglegri þróun.

Opnar möguleika á þrepaskiptu námi – grunnnámi og framhaldsnámi. Hið síðarnefnda getur verið lagt upp sem diplomanám á háskólastigi þar sem opnaðar eru leiðir fyrir löggæslufólk til frekara náms.

Öflugur fagskóli hefur betri burði til að reka kynningar- og markaðsstarf og laða þannig fleiri nemendur til sín.

Þó að hvert svið haldi sinni sérstöðu þá verða ýmsir snertifletir fyrir nemendur í sameinuðum skóla. Þessir nemendur eiga síðan eftir að hafa samskipti í ólíkum störfum að námi loknum. Sameinaður skóli á þannig að stuðla að betri samvinnu öryggisstétta.

Öflugur fagskóli hefur góða burði til að sinna upplýsingaöflun og umræðum í sam- félaginu með kynningarfundum um öryggismálefni.

Öflugur skóli fylgist með nýjungum og þróun á sínu sérsviði og veitir þjálfun á þeim sviðum.

Í raun er léttara að tína til rök með sameiningu umræddra skóla heldur en að finna rök gegn þeirri sameiningu.

„Nýr Löggæsluskóli verði á Keflavíkurflugvelli.
Svar Hjálmars Árnasonar forstöðumanns Keilis

Fyrsta flokks aðstaða fyrir hendi sem spara mun miklar fjárhæðir miðað við uppbyggingu á löggæsluskóla frá grunni annars staðar. Öll kennsla fer fram á einum stað en dreifist ekki. Íþróttamannvirki og sundlaug sem sérstaklega hentar til öryggis- og björgunarþjálfunar. T.a.m. er sundlaugin sú dýpsta á landinu sem býður upp á möguleika til kennslu í köfun og björgunarstörfum.

Sérstakt öryggissvæði er skilgreint á Keflavíkurflugvelli sem býður upp á æfingar og þjálfun í alþjóðlegu samstarfi við NATO, ESB og nágrannaríki í öryggis-, landamæravörslu og vörnum gegn hryðjuverkum.

Fjöldi ódýrra og vandaðra nemendaíbúða á háskólasvæði Keilis, sem líklegar eru til að laða að sér aukinn fjölda nemenda til skólans, bæði af höfuðborgarsvæðinu þar sem skortur er á húsnæði og utan af landi. Á svæðinu er öll aðstaða fyrir hendi, leik- og grunnskólar, verslun og þjónusta, auk ókeypis tenginga með strætó 7 sinnum á dag við miðborg Reykjavíkur.

Rúmgott kennsluhúsnæði á einni hæð sem hægt er að umbreyta og sérhanna að þörfum skólans

Nægt landrými og aðstaða fyrir sérstaka kennslu og þjálfun sem öryggisskóla er nauðsynleg, skotæfingasvæði, aksturssvæði o.s.v.fr. Tiltekin svæði eru lokað almenningi.

Til reiðu er heilt fjölbýlishús til verklegra æfinga, s.s. aðgerð í íbúðarhúsi.

Núverandi húsnæði Lögregluskólans er í miðju iðnaðarhverfi og að mörgu leyti óhentugt þar sem það er á þremur hæðum. Keilir býðst til að losa skólann undan leigusamningi.

Keflavíkurflugvöllur hefur verið miðstöð öryggismála þjóðarinnar um áratuga skeið og býður upp á möguleika til áframhaldandi uppbyggingar og samþættingar á því sviði. Hér má nefna:

Nokkur hluti starfsemi Landhelgisgæslunnar er þegar á staðnum og hagkvæmnisrök virðast lúta að því að efla þá starfsemi verulega

Brunamálaskólinn er þegar fluttur á svæðið

Lögreglan er með ýmsar verklegar æfingar annað slagið á Keflavíkurflugvelli

Lang umfangsmesta tollgæslulið landsins er á svæðinu

Næst stærsta lögreglulið landsins er á svæðinu

Keilir býður upp á samstarf við helstu háskóla landsins sem eðlilegt og nauðsynlegt er að nýr löggæsluskóli tengist.

Háskóli Íslands er stærsti hluthafi Keilis og vill byggja upp nám á nýjum sviðum með háskólatengingar

Keilir vinnur með Háskólanum í Reykjavík í Íþróttakademiunni þar sem menntaðir eru íþróttافرæðingar með BS gráðu.

Heildstæður löggæsluskóli með fyrsta flokks aðstöðu í samræmi við ofangreind atriði leggur grunn að góðri ímynd og þar með markaðssetningu sem leiða mun til aukinnar aðsóknar að skólanum.

Niðurstaða mín er því sú að hvergi sé einfaldara eða ódýrara að ná saman flestum þeim sviðum sem nauðsynleg eru til heildstæðrar uppbyggingar á nýjum sameinuðum löggæsluskóla, bæði með tilliti til aðstöðu, kostnaðar og innihalds.

D
Landssamband lögreglumanna
október 2008

Svar Snorra Magnússonar, formanns Landssambands lögreglumanna

Það er álit Landssambands lögreglumanna að flutningur Lögregluskóla ríkisins til Suðurnesja sé ekki fallinn til þess að efla menntun lögreglumanna. Á síðari stigum hefur Keilir komið inn í myndina en það telur LL óásættanlegt.

Ein af kröfum LL, vegna framþróunar lögreglu og menntunar hennar á Íslandi, er tilfærsla LSR á háskólastig. LSR hefur, skv. upplýsingum LL, þegar unnið talsvert starf í tengingu náms í skólanum við bæði Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. LL óttast að tilfærsla skólans til Suðurnesja hefði neikvæð áhrif á þetta samstarf og ynni þar með gegn markmiðum LL í menntunarmálum lögreglumanna.

Álit þetta byggir LL m.a. á eftirfarandi:

Stærsta lögreglulið landsins er á höfuðborgarsvæðinu (LRH). Í um 50 km radíus frá því svæði, sem LSR er staðsettur á nú, eru afar stór lögreglulið, sem dæmi Akranes, Borgarnes, Suðurnes og Selfoss. Núverandi staðsetning skólans er því mest miðsvæðis gagnvart stærstum hluta lögreglunnar í landinu.

Aðgengi LSR að stundakennurum t.d. frá LRH er augljóst m.v. núverandi staðsetningu skólans. Hætt er við að ef skólinn yrði fluttur um einhverra tuga kílómetra leið, af höfuðborgarsvæðinu, að þau tengsl myndu rofna.

Hætt yrði við því að kennsla í t.d. lögreglufræðum, skýrslugerð, alþjóðlegum samskiptum t.d. við Interpol, Europol o.fl. alþjóðlegar löggæslustofnanir myndi skaðast vegna ýmissa trúnaðarupplýsinga sem nauðsynlegt er að skiptast á. LL telur að slík skipti á trúnaðarupplýsingum og t.d. aðgengi að skýrslugerðarkerfum lögreglu og öðrum miðlægum gagnagrunnum gætu ekki gengið sem skyldi ef LSR yrði gerður að hluta einkarekins skóla. Þar með með yrði hluti námsins, gögn, upplýsingar um rannsóknaraðferðir lögreglu og eftir atvikum aðrar trúnaðarupplýsingar t.d. um valdbeitingaraðferðir, innra skipulag lögreglu, vinnu greiningardeilda og sérsveitar aðgengilegur óviðkomandi.

Tilfærsla skólans á Suðurnes myndi hafa í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka fyrir stærsta lögreglulið landsins (LRH) vegna ferða á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja auk kostnaðarauka fyrir önnur lögreglulið landsins, sem senda lögreglumenn sína til endurmenntunar í skólanum.

Tenging nema í skólanum við starfsþjálfun hjá stærsta lögregluliði landsins (LRH) myndi hugsanlega rofna eða verða erfiðleikum bundin.

E
Landhelgisgæsla Íslands
október 2008

Svar Svanhildar Sverrisdóttur, starfsmannastjóra Landhelgisgæslu Íslands

Eins og kom fram í greinargerð Landhelgisgæslu Íslands dags, 21. desember 2007 og fylgdi með í viðauka í áfangaskýrslu nefndar um uppbyggingu alhliða löggæslu- og öryggismálaskóla, dags. 17. janúar 2008, bindur Landhelgisgæsla Íslands miklar vonir við sérstakan löggæsluskóla. Ýmsar ástæður liggja þar að baki og vegur þyngst það sjónarmið að efla faglega menntun og þjálfun starfsmanna. Með aðkomu þriggja fagstétta að skólanum, þ.e. lögreglu, fangavarða og starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands, sem að hluta til byggja á sama grunni í námi og að hluta til á sértæku námi, er lagður hornsteinn að því að efla faglega menntun. Þá mun löggæsluskólanám án efa gera störf innan þessara stétta meira aðlaðandi og síðast en ekki síst auka samstarf þeirra í starfi.

Lögregluskóli ríkisins byggir nú þegar á þeim grunni að efla faglega þekkingu lögreglumanna. Skólinn hefur jafnframt unnið með bæði fangavörðum og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands í þjálfun, kennslu og öðru. Þá er þekking á rekstri skóla og öðrum þáttum sem að slíku lúta til staðar þar.

Landhelgisgæslan vinnur nú að námskrá og miðar þeirri vinnu vel. Sú menntun og þjálfun sem fram fer í dag hjá Landhelgisgæslunni er að mestu leyti starfstengd og fer fram á vinnustað á vinnutíma, þ.e. um borð í varðskipum, loftförum, í vaktstöð siglinga o.s.frv. Þeir einu sem hingað til hafa sótt nám utan stofnunar til lengri tíma eru stýrimenn sem sækja nám í varðskipadeild Fjöltækniskólans. Um er að ræða um eins og hálfar annar nám sem lýkur með prófi til skipherraréttinda á varðskip. Stýrimenn eru á launum á meðan sem samsvara föstum launum stýrimanns í byrjendastöðu.

Í umræðum um stofnun löggæsluskóla hefur staðsetning hans verið rædd og þá aðallega út frá þeirri forsendu að vera annars vegar í húsnæði Lögregluskóla ríkisins eða í húsnæði Keilis á Keflavíkurflugvelli. Líkt og kemur fram í áðurnefndri áfangaskýrslu er hægt að hafa aðsetur skólans á Keflavíkurflugvelli. Landhelgisgæslan telur aftur á móti að staðsetning skólans þar sé á engan hátt forsenda þess að skólinn sé settur á laggirnar og telur að svo komnu máli enga ástæðu til að ætla annað en honum sé vel fyrir komið hjá Lögregluskóla ríkisins þar sem mikil uppbygging hefur staðið yfir og stendur enn.

Í þessu sambandi þarf eflaust að meta hver sé hagkvæmni þess að staðsetja löggæsluskóla á Keflavíkurflugvelli og hafa rekstur hans í höndum einkaaðila en ekki ríkis. Taka þarf tillit til ýmissa þátta í því sambandi svo sem gerð námskráa, vinnslu námsefnis og kennslufyrirkomulags, aðgengi að kennurum og annarri sérfræðiþekkingu á sviði þessara fagstétta og fleira þessu tengdu.

Reykjavík, 18. desember 2008.

Ólafur K. Ólafsson
formaður

Halla Bergþóra Björnsdóttir
fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Gunnlaugur V. Snævarr
yfirlöggregluþjónn og ritari

Einar Andrésen
formaður Fangavarðafélags Íslands

Hjálmar Árnason
forstöðumaður hjá Keili

Snorri Magnússon
formaður Landssambands lögreglumanna

Svanhildur Sverrisdóttir
fulltrúi Landhelgisgæslu Íslands

